

## 1996 nr. 90 13. júní

### Lögreglulög

Tóku gildi 1. júlí 1997. Breytt með l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 29/1998 (tóku gildi 29. apríl 1998), l. 78/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998), l. 121/1999 (tóku gildi 30. des. 1999), l. 15/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000), l. 49/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), l. 155/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), l. 56/2002 (tóku gildi 14. maí 2002), l. 44/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003), l. 56/2004 (tóku gildi 14. júní 2004), l. 46/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007 nema 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem tóku gildi 16. júní 2006), l. 85/2007 (tóku gildi 1. júlí 2007), l. 34/2008 (tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 8. maí 2008), l. 82/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjórn. 19. júní 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 147/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009).

#### I. kaffli. Hlutverk löggreglu o.fl.

##### ■ 1. gr. Hlutverk.

1. Ríkið heldur uppi starfsemi löggreglu.

2. Hlutverk löggreglu er:

a. að gæta almannaoryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmaða starfsemi,

b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,

c. að vinna að uppljóstörun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð [sakamála]<sup>1)</sup> eða öðrum lögum,

d. að greiða gótu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,

e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sínum samkvæmt fyriðum laga eða venju eftir því sem þörf er á,

f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði löggreglu,

g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

##### ■ 2. gr. Tengsl við þjóðarétt.

Lögregla skal í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

##### ■ 3. gr. Lögreglumenn.

Til lögreglumanna teljast þeir sem skipaðir eru eða settir til löggreglutarfs skv. 3. mgr. 28. gr. eða ráðnir tímabundið skv. 4. mgr. 28. gr.

#### II. kaffli. Skipulag löggreglu og æðsta stjórn.

##### ■ 4. gr. Æðsta stjórn löggreglu.

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður löggreglunnar í landinu. Ríkislöggreglurstjóri fer með málefni löggreglunnar í umboði hans. [Ríkislöggreglurstjóri hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað].<sup>2)</sup>

<sup>2)</sup> L. 121/1999, 2. gr.

##### ■ 5. gr. Ríkislöggreglurstjóri.

1. Hlutverk ríkislöggreglurstjóra er:

a. að flytja og kynna löggreglurstjórum boð og ákvárdanir æðstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi löggreglunnar með einum eða öðrum hætti og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi löggreglunnar,

b. að láta dómsmálaráðherra í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákvárdanir sínar á,

c. að gera tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrimæli til löggreglurstjóra,

d. að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi löggreglunnar,

e. að annast alþjóðasamskipti á sviði löggreglu,

f. að veita löggreglurstjórum aðstoð og stuðning í löggreglurstörfum,

g. að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við löggreglu í öðru landi,

h. að hafa með höndum yfirsjórn eða gefa fyriðmæli um framkvæmd einstakra löggregsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku löggreglumannar úr fleiri en einu umdæmi. Ríkislöggreglurstjóri skal að fengnu samþykki dómsmálaráðherra tilkynna hlutaðeigandi löggreglurstjóra eða löggreglurstjórum ákvörðun sína varðandi stjórn löggregsluverfnis með hæfilegum fyrirvara,

i. að halda málaskrá um kærur sem berast löggreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók löggreglu með upplýsingum um erindi til löggreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggregsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. Dómsmálaráðherra setur nánar reglur<sup>3)</sup> um þessar skrár],<sup>2)</sup>

[j. að annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra].<sup>3)</sup>

2. Sérstök verkefni sem ríkislöggreglurstjóra ber að hafa með höndum eru:

a. að starfrækja löggreglurannsóknardeild sem rannsakar skatta- og efnahagsbrotn,

b. [að starfrækja löggreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi],<sup>4)</sup>

c. að starfrækja almenna deild er annist kerfisbundna skráningu upplýsinga um löggreglumálefni, hafi umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði löggreglu og hafi regulegt eftirlit með löggreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði,

d. að starfrækja alþjóðadeild er annist alþjóðleg boðskipti,

e. [að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna löggreglu, þar með rekstri miðlægra gagnagrunna löggreglu á sviði tæknirannsókna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk og hafi umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislöggreglurstjóri setur],<sup>5)</sup>

[f. að starfrækja áfengiseftirlitsdeild sem annist eftirlit með meðferð áfengis],<sup>6)</sup>

[g. að starfrækja almannavarnadeild sem annist verkefni á sviði almannavarna].<sup>7)</sup>

3. Dómsmálaráðherra mælir nánar fyrir<sup>8)</sup> um starfsemi ríkislöggreglurstjóra.

4. [Ríkislöggreglurstjóra til aðstoðar eru aðstoðarríkislöggreglurstjórar. Einn þeirra skal vera staðengill ríkislöggreglurstjóra].<sup>4)</sup>

5. Þegar ríkislöggreglurstjóri er svo við málsefni eða aðila riðinn að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því skal hann víkja sæti og setur dómsmálaráðherra þá lóghæfan mann til meðferðar þess máls.

<sup>1)</sup> Rg. 322/2001, sbr. 362/2008 og 1137/2008. <sup>2)</sup> L. 15/2000, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 82/2008, 35. gr. <sup>4)</sup> L. 46/2006, 1. gr. <sup>5)</sup> L. 56/2004, 1. gr. <sup>6)</sup> L. 78/1998, 1. gr. <sup>7)</sup> L. 44/2003, 10. gr. <sup>8)</sup> Rg. 804/2007.

■ **6. gr.** [*Lögregluumdæmi og stjórn þeirra.*

□ 1. Landið skiptist í 15 lögregluumdæmi. Með lögreglu-stjórn fara lögreglustjórar og sýslumenn sem hér segir:

1. Lögreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Sveitarfélagið Álfþanes.

2. Lögreglustjórin á Suðurnesju...<sup>1)</sup> fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Grindavík, [Keflavíkurflugvöll],<sup>1)</sup> Sandgerði, Sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ og Sveitarfélagið Voga...<sup>1)</sup>

3. Sýslumenn með aðsetur á Akranesi, í Borgarnesi, í Stykkishólmi, á Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Seyðisfírði, Eskifirði, Hvolsvelli, í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Búðardal fer sýslumaðurinn í Borgarnesi, með lögreglustjórn í umdænum sýslumannanna á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Hólmavík fer sýslumaðurinn á Ísafirði, með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Siglufirði fer sýslumaðurinn á Akureyri, með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Höfn fer sýslumaðurinn á Eskifirði og með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Vík fer sýslumaðurinn á Hvolsvelli. Umdæmi lögreglustjóra samkvæmt þessum tölulið skulu að öðru leyti ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórna.

□ 2. Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesju skulu starfa aðstoðarlöggreglustjórar.

□ 3. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Vaktskipulag og almenn löggæsla í lögregluum-dænum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi skal í hverjum fjórðungi samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur nánari reglur<sup>2)</sup> um fyrirkomulag samvinnu og til hvaða umdæma hún skuli ná.

□ 4. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða í landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur<sup>3)</sup> um samstarf lögreglu og björgunarsveita.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 34/2008, 30. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 1053/2006. Rg. 66/2007, sbr. 506/2008. <sup>3)</sup> Rg. 289/2003. <sup>4)</sup> L. 46/2006, 2. gr.

■ **7. gr.** *Starfssvæði lögreglu.*

□ 1. Lögreglumenn hafa lögregluvald hvar sem er á landinu.

□ 2. Starfssvæði lögreglumanns er það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í.

□ 3. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Hann setur reglur<sup>1)</sup> um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttáð.

□ 4. Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. mgr. í eftifarandi til-vikum:

a. [Ríkislöggreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tíma-bundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Dómsmálaráðherra getur samkvæmt tillögu ríkislöggreglustjóra kveðið á um skipulagi samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveðinna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögregluliða á tilteknu svæði til að gæta almannaoryggis og halda uppi lögum og reglu. Þá getur ráðherra samkvæmt tillögu ríkislöggreglustjóra falið lögreglustjórum tíma-bundið til-

tekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna staðháttu.]<sup>2)</sup>

b. Lögreglumann er heimilt að fara út fyrir starfssvæði sitt til þess að ljúka lögregluáðgerð sem hann hefur hafið innan þess. Á sama hátt getur lögreglumaður unnið lögregluverk utan umdæmis síns ef verkefnið krefst þess eða brýna nauðsyn ber til.

c. Lögreglumann, sem er að störfum en á leið um annað lögregluumdæmi, er heimilt að hafa afskipti af mönnum sem hann stendur að lögbrotum.

□ 5. Lögreglumaður skal tilkynna yfirmanni sínum um aðgerðir sínar skv. b- og c-liðum 4. mgr. svo fljótt sem kostur er. Með sama hætti ber að tilkynna lögreglustjóra hlutaðeigandi umdæmis um aðgerðir lögreglumanns.

<sup>1)</sup> Rg. 774/1998. Rg. 335/2005. <sup>2)</sup> L. 29/1998, 2. gr.

■ **8. gr.** [*Lögreglurannsóknir.*

□ 1. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendir.

□ 2. Við embætti eftirtalinna lögreglustjóra skulu vera sérstakar rannsóknardeildir:

1. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir umdæmi hans,

2. lögreglustjórans á Akranesi fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Borgarnesi og Stykkishólmi,

3. lögreglustjórans á Ísafirði fyrir umdæmi hans,

4. lögreglustjórans á Akureyri fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Blönduósi, á Sauðárkróki og á Húsavík,

5. lögreglustjórans á Eskifirði fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Seyðisfírði,

6. lögreglustjórans á Selfossi fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum,

7. lögreglustjórans á Suðurnesju fyrir umdæmi hans.

□ 3. Ráðherra setur nánari reglur samkvæmt tillögu ríkis-saksóknara um hvaða brot skuli rannsaka hjá sérstökum rannsóknardeildum skv. 2. mgr. Önnur brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin, sbr. þó ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 5. gr. Jafnframt setur ráðherra reglur<sup>1)</sup> um hvernig stjórn rannsóknar skuli háttáð, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislöggreglustjóra skv. a-lið 2. mgr. 5. gr. og um rannsóknaraðstoð.

□ 4. Sá lögreglustjóri sem rannsóknardeild á undir fer með forræði á rannsókn máls sem til rannsóknar er hjá sérstakri rannsóknardeild.

□ 5. Ráðherra er heimilt að ákveða að við einstök embætti lögreglustjóra starfi, undir eftirliti ríkislöggreglustjóra, greiningardeildir til að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

□ 6. Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdænum landsins og setur ríkislöggreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.]<sup>2)</sup>

□ [7. Lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með lögreglu-vald mega ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórnsýslulögum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr. Starfsmenn þess lögreglustjóra, sem vanhæfur er, geta þó rannsakað mál undir stjórn annars lögreglustjóra nema þeir séu sjálfir vanhæfir til að fara með málið samkvæmt stjórnsýslulögum.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 804/2007. Rg. 192/2008. <sup>2)</sup> L. 46/2006, 3. gr. <sup>3)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

■ **9. gr. Handhafar löggregluvalds.**

- 1. Ríkislögreglustjóri, [aðstoðarríkislögreglustjórar],<sup>1)</sup> lögreglustjórar, [aðstoðarlögreglustjórar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum],<sup>1)</sup> skólastjóri Löggregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald.
- 2. Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tíma-bundið til að sinna sérstökum verkefnum.
- 3. [Áhafnir varðskipa og gæsluflugvél] <sup>2)</sup> fara með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu.
- 4. [[Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans]<sup>3)</sup> og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.]<sup>4)</sup>
- 5. Hreppstjórar fara með lögregluvald samkvæmt lögum um hreppstjóra.
- 6. Héraðslöggreglumenn fara með lögregluvald þegar þeir gegna starfinu.
- 7. Peir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar lögum samkvæmt fara með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum.
- 8. Nemar í Löggregluskóla ríkisins fara með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfi.

<sup>1)</sup> L. 46/2006, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 29/1998, 3. gr. <sup>3)</sup> L. 147/2008, 44. gr. <sup>4)</sup> L. 155/2000, 24. gr.

■ **10. gr. Héraðslöggreglumenn.**

- 1. Löggreglustjóra er heimilt að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra að ráða héraðslöggreglumenn til starfa í umdæmi sínu, enda fullnaði þeir skilyrðum í [a-, b-, c- og d-liðum 2. mgr. 38. gr. laganna].<sup>1)</sup>
- 2. Hlutverk héraðslöggreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn lögreglumanna.
- 3. Dómsmálaráðherra setur reglur<sup>2)</sup> um fjölda héraðslöggreglumanna og störf þeirra.
- 4. Héraðslöggreglumenn njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og lögreglumenn á meðan þeir gegna lögreglustörfum.

<sup>1)</sup> L. 56/2002, 6. gr. <sup>2)</sup> Rg. 283/1997, sbr. 961/2008 og 1037/2008.

■ **11. gr. Samvinna löggreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir.**

- 1. Löggreglan skal aðstoða ákæruvaldið við störf þess.
- 2. Lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skulu hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.

■ **12. gr. Samstarfsnefndir löggreglu og sveitarfélaga.**

- 1. Í hverju löggreglumædi skal starfa samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar. Í henni sitja þrír menn: Löggreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í löggreglumædinu. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvívar á ári.
- 2. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu. Hún gerir m.a. til-lögur um úrbætur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi hennar og beitir sér fyrir því að almenningi verði kynnt starfsemi lögreglunnar.

■ **III. kafli. Skyldur löggreglumanna og framkvæmd löggreglustarfa.**

■ **13. gr. Almennar reglur:**

- 1. Handhafa löggregluvalds ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeiri ábyrgð sem starfinu fylgir.
- 2. Handhafa löggregluvalds ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttsýni. Þeir skulu gaeta þess að mönum verði ekki gert tjón, óhagraði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótpróða hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.
- 3. [Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar löggregluvalds bera á sér sérstök skilríki. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun löggregluskilríkja með reglugerð.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 1052/2006. <sup>2)</sup> L. 29/1998, 4. gr.

■ **14. gr. Valdbeiting.**

- Handhöfum löggregluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldstarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

■ **15. gr. Aðgerðir í þágu almannafriðar, allsherjarreglu o.fl.**

- 1. Löggreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almenninga eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau.
- 2. Í þessu skyni er löggreglu m.a. heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörlur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim.
- 3. [Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annari slíkri samkomu á opinberum stað er löggreglu heimilt að banna að maður breyti andliti sínu eða hylji það eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> 4. Óhlýðnist maður fyrirmælum löggreglu [skv. 2. og 3. mgr.]<sup>1)</sup> getur hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu.

- 5. Löggreglu er heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar.

<sup>2)</sup> 6. Löggreglu er heimilt að hafa afskipti af málefnum sem samkvæmt lögum heyra undir önnur stjórnvöld ef það er talið nauðsynlegt til að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega röskun á almannafriði og allsherjarreglu og ekki næst til viðkomandi stjórnvalds eða aðgerðir af þess hálfu eru útilokaðar, þýðingarlausar eða fyrirsjánlegt er að þær muni hefjast of seint. Tilkynna skal hlutaðeigandi stjórnvaldi um aðgerðir lögreglu svo fljótt sem auðið er.

<sup>1)</sup> L. 56/2002, 2. gr.

■ **16. gr. Heimild til handtöku.**

- 1. Handhafa löggregluvalds er heimilt að handtaka mann og fára á lögreglustöð eða á annan stað þar sem löggregla hefur aðstöðu:

- a. í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,
- b. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi,
- [c. ef hann á að afþlána refsingu,
- d. ef hann hefur leyfislaust vikið úr fangelsi,
- e. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dóum, reynslulausn eða náðun.]<sup>1)</sup>
- 2. Lögregla skal gera manni grein fyrir ástæðum þess að hann er færður á starfsstöð lögreglu. Ekki má halda manni lengur en nauðsyn ber til.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

**■ 17. gr. Leit á mönnum.**

- 1. Lögreglu er heimilt ef ástæða er til að leita að vopnum eða öðrum hættulegum munum á hverjum þeim sem fjarlægður er eða handtekinn af lögreglu.
- 2. Sé maður vistaður í fangageymslu er lögreglu heimilt að leita á honum og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér og hann getur notað til þess að vinna tjón á sjálfum sér eða öðrum. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hættu þykir á að geti skemmst, eyðilagst eða glatast.
- 3. Verðmætum, sem lögregla tekur til varðveislu skv. 2. og 3. mgr., ber að skila aftur þegar maður er láttinn laus, enda séu ekki skilyrði til að leggja hald á þau samkvæmt lögum um meðferð [sakamála].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

**■ 18. gr. Afskipti af börnum.**

- Lögreglu ber að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hættu búin og koma þeim í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir.

**■ 19. gr. Skylda til að hlýða fyrirmælum lögreglu.**

- Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri.

**■ 20. gr. Skylda til að aðstoða lögreglu.**

- 1. Ef nauðsyn ber til getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, þar á meðal til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu lögreglu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.
- 2. Þeir sem kvaddir eru lögregluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn.

**■ 21. gr. Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum.**

- Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum.

**■ 22. gr. Þagnarskylda.**

- 1. Lögreglumönnum og öðru starfsliði lögreglu ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögþætum almannana- eða einkahagsmunu. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðfilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti lögreglu og fyrirhugaðar lögreglu- gerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum lögreglu eða eðli mál.
- 2. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

- [3. Ákvæði 1. mgr. skal ekki vera því til fyrirstöðu að lögreglan veiti tollstjóra aðgang að málaskrám sínum og öðrum upplýsingum sem lögregla býr yfir og varða ætluð brot a tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra ber að framfylgja, enda séu upplýsingarnar nauðsynlegar í þágu greiningarstarfs tollstjóra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 147/2008, 45. gr.

**■ 23. gr. Afskipti af eigin málum eða nákominna vandamanna.**

- Starfsmanni lögreglu er í starfi sínu óheimilt að aðhafast í eigin málum eða nákominna vandamanna nema afskipti hans af málí séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hættu sé á að frestu aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð.

**■ 24. gr. Afskipti af vinnudeilum.**

- Lögreglu er óheimilt að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar, eins og annars staðar, uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

**■ 25. gr. Lögreglustörf utan vinnutíma.**

- 1. Lögreglumanni er heimilt að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum ef:

- a. þess er þörf til verndar lífi eða heilsu fólks eða verulegum opinberum hagsmunum,

- b. þess er þörf til að afstýra eða stöðva alvarlegt lögbrot eða

- c. þess er þörf til að handtaka megi mann sem grunaður er um alvarlegan refsiverðan verknað.

- 2. Hafi lögreglumaður haft afskipti af máli skv. 1. mgr. ber honum tafarlaust að tilkynna það yfirmanni sínum. Hafi hann unnið slík verk utan starfsumdæmis síns skal hann tilkynna það lögreglustjóra þess umdæmis.

**■ 26. gr. Heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf.**

- Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með samkomulagi við fjármálaráðherra að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við [tollstjóra].<sup>1)</sup> Þar sem slík starfstilhögur er ákveðin skal þess getið í auglýsingu um starf lögreglumanns.

<sup>1)</sup> L. 147/2008, 46. gr.

**IV. kafi. [Um veitingu starfa í lögreglu og starfslok.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 56/2002, 4. gr.

**■ 27. gr. Fjöldi lögreglumanna.**

- Ráðherra ákveður á hverjum tíma í samráði við ríkislögreglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra fjölða lögreglumanna í hverju umdæmi.

**■ 28. gr. [Veiting starfa í lögreglu.]**

- 1. Ráðherra skipar til fimm ára í senn ríkislögreglustjóra, aðstoðarríkislögreglustjóra, lögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

- 2. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar skulu fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og sýslumenn til skipunar í embætti. Sama gildir um staðgengla beirra.

- 3. Aðstoðarríkislögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkislögreglustjóri til skipunar í embætti, en eftirtalin skilyrði gilda um menntun og starfsreyndar þeirra:

- a. hefur lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi, eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt, eða lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi;

b. hefur í þrjú ár gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi eða verið stjórnandi innan lögreglunnar, en leggja má saman starfstíma í þessum greinum.

□ 4. Ráðherra skipar yfirlöggregluþjóna og aðstoðaryfirlöggregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislöggreglustjóri skipar aðra löggreglumenn til fimm ára í senn. Hver sá sem skipaður er til löggreglunarfa skal hafa lokið prófi frá Löggregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð<sup>1)</sup> nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

□ 5. Ríkislöggreglustjóri getur heimilað löggreglustjórum að ráða mann tímabundið til löggreglunarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa löggreglumannar þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Löggregluskóla ríkisins, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Löggregluskóla ríkisins er tiltækur í stöðuna.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 1051/2006. <sup>2)</sup> L. 46/2006, 5. gr.

#### ■ 29. gr. Heitstafur.

□ Allir löggreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að löggreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og örðrum lögum þess.

#### ■ [29. gr. a. Starfslokaaldur.

□ Löggreglumenn skulu leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 56/2002, 3. gr.

#### V. kaffli. Atriði sem varða starfskjör löggreglumanna.

##### ■ 30. gr. Bótagreiðslur.

□ Ríkissjóður skal bæta löggreglumönnunum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

##### ■ 31. gr. Bann við verkföllum.

□ Löggreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

##### ■ 32. gr. Aukastörf.

□ 1. Heimilt er að fela löggreglumannni að vinna fyrir sann-gjarni endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgia.

□ 2. Áður en löggreglumaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra löggreglustjóra frá því. Innan tveggja vikna skal löggreglumannni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ríkislöggreglustjóra.

□ 3. Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

□ 4. Við mat á því hvort starfsemi teljist ósamrýmanleg löggreglunarfa skal horft til þess hvort ástæða er til að ætla að aukastarfíð valdi vanrækslu á þeim störfum sem stöðu hans fylgia, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvær hátt í bága við löggreglunarfa eða það geti með örðum haetti hamlað því að viðkomandi geti sinnt löggreglunarfinu forsvaranlega.

□ 5. Dómsmálaráðherra setur almennar reglur um hvaða aukastörf teljist heimil.

#### VI. kaffli. Löggæslukostnaður.

##### ■ 33. gr. Kostnaður við rekstur löggreglu.

□ Kostnaður af starfsemi löggreglunnar greiðist úr ríkissjóði.

#### ■ 34. gr. Sérstakur löggæslukostnaður.

□ 1. ...<sup>1)</sup>  
□ 2. [Löggreglustjóra er heimilt í sérstökum reglum<sup>2)</sup> sem dómsmálaráðherra setur að] <sup>1)</sup> kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannafærri og flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi þar sem löggreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirkipa slíksa löggæslu.

<sup>1)</sup> L. 85/2007, 28. gr. <sup>2)</sup> Rg. 289/2004.

#### VII. kaffli. Kærur á hendur löggreglu.

■ 35. gr. [1. Kærur á hendur starfsmanni löggreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til ríkis-saksóknara og fer hann með rannsókn málssins.

□ 2. Við meðferð slíksra málá getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem löggregla hefur endranær.

□ 3. Löggreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn málá samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað er.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 29/1998, 6. gr.

#### VIII. kaffli. Löggregluskóli ríkisins.

##### ■ 36. gr. Hlutverk Löggregluskóla ríkisins.

□ 1. Löggregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti löggreglunenum menntun í almennum löggreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi löggreglumönnum símenntun, framhalds-menntun og sémenntun.

□ 2. Löggregluskóli ríkisins skal vera vettvangur rannsókná í löggreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um löggreglu-málefni.

##### ■ 37. gr. Stjórn Löggregluskóla ríkisins.

□ 1. [Ráðherra skipar skólastjóra Löggregluskóla ríkisins til fimm ára í senn.]<sup>1)</sup> Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og löggreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á löggreglumálefnum.

□ 2. Við Löggregluskóla ríkisins skulu starfa yfirlöggreglu-þjónn og aðstoðaryfirlöggregluþjónn sem dómsmálaráðherra skipar [til fimm ára í senn].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 32. gr.

##### ■ 38. gr. Inntaka nýnema og námstilhögun.

□ 1. Ríkislöggreglustjóri auglýsir eftir nemum í skólann um land allt. Hann ákveður fjölda nemenda sem hefja skulu nám ár hvert á grundvelli áætlunar um endurnýjun í löggreglu ríkisins.

□ 2. [Löggreglumannsefni skulu fullnægja eftirtöldum al-mennum skilyrðum:

a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20–40 ára,

b. hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið,

c. vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrilliggjandi kröfum,

d. hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms, hafa gott vald á íslensku og ensku, hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs og vera synd,

e. standast inntökupróf samkvæmt kröfum valnefndar með áherslu á íslensku og þrek.]<sup>1)</sup>

□ 3. Valnefnd velur nema í löggregluskólanum úr hópi umsækjenda [og eru ákvarðanir hennar um val nema endanlegar].<sup>2)</sup> Nefndina skipa fimm menn, einn tilnefndur af dómsmála-ráðherra, einn af ríkislöggreglustjóra, einn af Sýslumannafé-lagi Íslands, einn af Landssambandi löggreglumanna og einn

af skólastjóra Lögregluskóla ríkisins er skal vera formaður nefndarinnar.

4. [Nám í lögregluskólanum stendur í a.m.k. tólf mánuði og skiptist í þrjár annir. Fyrsta önn er ólaunud. Þeim nemum sem standast próf á önninni skal ríkislöggreglustjóri sjá fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. fjóra mánuði. Að lokinni starfsþjálfunarönn tekur við launuð þriðja önn í lögregluskólanum sem lýkur með prófum.]<sup>3)</sup>

[Valnefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur þar sem fram koma þau viðmið sem stuðst er við þegar meta á skilyrði skv. b- og c-lið 2. mgr. og um val á nemum í lögregluskólanum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 46/2006, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 56/2002, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 49/2000, 1. gr.

#### ■ 39. gr. *Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins.*

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð<sup>1)</sup> nánari fyrirmæli um stjórn skólans og starfslið, inntökuskilyrði, námstilhögur og prófkröfur.

<sup>1)</sup> Rg. 490/1997, sbr. 1102/2008.

#### IX. kafli. Ýmis ákvæði.

##### ■ 40. gr. *Nánari reglur um framkvæmd laganna.*

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> Rg. 289/2004. Rg. 8/2007. Rg. 192/2008. Rg. 350/2009.

##### ■ 41. gr. *Refsingar.*

Brot gegn 19.–21. gr. varða fésektum nema þyngri refsing

liggi við samkvæmt öðrum lögum.

#### ■ 42. gr. *Gildistaka.*

1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

...

#### ■ 43. gr. ...

#### X. kafli. Ákvæði til bráðabirgða.

##### ■ 44. gr. *Niðurlagning Rannsóknarlöggreglu ríkisins. ...*

##### ■ [45. gr. *Undanþága frá aldursskilyrði. ... ]<sup>1)</sup>*

<sup>1)</sup> L. 29/1998, 7. gr.

[Þeir sem náð hafa 63 ára aldri við gildistöku laga þessara en eru ekki orðnir 65 ára geta innan sex mánaða frá gildistöku laganna óskad eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Nái þeir 65 ára aldri innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þeir setja fram slíka ósk áður en þeim aldri er náð. Óski löggreglumaður eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um hann skal hann senda bréflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislöggreglustjóra.

Þeim sem náð hafa 65 ára aldri við gildistöku laganna en eru ekki orðnir 70 ára skal veitt lausn frá embætti í síðasta lagi frá og með 1. maí 2003 nema þeir óski þess fyrir þann tíma að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Skal þá senda bréflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislöggreglustjóra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 56/2002, 7. gr.